

Kennsluáætlun í UPPE2UM05 á vorönn 2017

Viðfangsefni: Saga uppeldis og menntunar. Nútímaproskakennningar, áhrifavaldar í lífi barna, barnamenning o.fl.

Lýsing: Í áfanganum er fjallað um uppeldis- og menntunarfræði sem fræðigrein, rætur hennar, sögu og hagnýtingu. Lögð er áhersla á að efla skilning á mikilvægi uppeldis og menntunar og að nemendur öðlist hæfni til að takast á við störf er tengjast uppeldi og menntun. Margs konar verkefni eru unnin í áfanganum og áhersla er lögð á að nemandinn þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og virkri samvinnu við aðra í verkefnavinnu. Einnig er lögð áhersla á að nemendur fái þjálfun í fjölbreytilegri gagnaöflun og í að kynna niðurstöður sínar skriflega og munnlega.

Markmið/þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- mótunaraðilum uppeldis og menntunar í samfélaginu
- áhrifum menningarþátta í samfélaginu á börn og unglinga
- kenningum sem hafa áhrif á uppeldi og menntun
- margvíslegum könnunum á uppeldi og menntun
- mikilvægi þeirra sem starfa með börnum og unglingum
- aðalatriðum í sögu uppeldis og menntunar
- samskiptaaðferðum og leiðum til að leysa ágreining í uppeldi
- störfum og markmiðum leikskóla

Markmið/leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita mismunandi samskiptaaðferðum og aðferðum við lausn uppeldislegs ágreinings
- greina teikningar barna eftir mismunandi þroskakennningum
- miðla þekkingu sem hann hefur aflað sér í ræðu og riti
- beita mismunandi vinnubrögðum og tjáningarformum og greina hvaða vinnubrögð og tjáning hentar hverju verkefni

Markmið/hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka ábyrga og sjálfstæða afstöðu til mála er varða uppeldi og menntun
- miðla þeirri afstöðu sinni á margvíslegan hátt
- greina uppeldisleg álitamál og draga ályktanir út frá ákveðnum forsendum og rökstyðja þær ályktanir

Námsefni: Kennslubókin **Uppeldi** eftir Guðrúnu Friðgeirsdóttur og Margréti Jónsdóttur. Öll bókin. Annað efni sem kennari dreifir eða bendir á.

Námsmat:

Próf tekin á önninni (alls 4)	- 40%
Verkefnamappa	- 10%
Verkefni úr sögu uppeldishugmynda	- 10%
Heimsókn í leikskóla - skýrsla	- 10%
Heimildaverkefni	- 10%
Verkefni um kvikmynd sem fjallar um uppeldisleg málefni	- 5%
Heimsókn í grunnskóla - skýrsla	- 5%
Verkefni tengt barnamenningu	- 5%
Kennaraeinkunn (mæting)	<u>- 5%</u>
Alls	100 %

Áætlun um yfirferð á önn:

2. - 5. vika 1.-2. kafli: Fjallað um fræðigreinina uppeldisfræði og sögu hennar. Nemendur gera verkefni tengt sögunni (flutningur í tíma). Einnig verður farið í sögu skólahalds og ýmislegt rætt sem tengist leikskólum á Íslandi. **1. próf.**
6. - 8. - 3.-4. kafli: Helstu þroskakenningar - Kynhlutverk og uppeldi. **2. próf**
- 9.-10. - 5. kafli: Samskipti við börn. - Heimsóknir í leikskóla.
- 11.-13. - 6.-9. kafli: Listir í lífi barna og barnamenning - Barnateikningar - Börn og bækur - Börn og fjölmiðlar – Leikir og leikföng **3. Próf**
- Vinna að verkefni um uppeldislegt gildi menningartengdra þátta sem falla undir barnamenningu og flutningur á því.
- 14.- 16. - Íþróttir og uppeldi - Áföll og kvíðavaldar í lífi barna - Börn og hjónaskilnaðir. **4. Próf**
- Eftir páskafrí verður farið í grunnskólaheimsóknir, unnið að kvikmyndaverkefni og heimildarverkefni. Skrap og möppuskil

ATH. Prófdagar verða tilkynntir í tímum og á Moodle-vefnum svo og skiladagar verkefna. Þar verða einnig birt jafnóðum öll verkefni og glærur.

Til þess að standast kröfur áfangans verða nemendur að taka öll 4 aðalpróf hans og ná meðaleinkunninni 4,5 sem er jafnframt sú lágmarkseinkunn sem nemendur þurfa að ná sem heildareinkunn áfangans.

Nemendur fá 0 fyrir þau verkefni sem ekki er skilað. Kennara ber ekki skylda til að taka við verkefnum eftir að tilskilinn skiladagur þeirra er liðinn hjá.

Viðtalstími kennara verður á Bollastöðum (kaffistofu kennara) á föstudögum á milli kl. 9:15 og 10:10.

Selfossi 4. janúar 2017

Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir

ingibjorgolof@gmail.com

ingibjorg@fsu.is